

Lúðvík Júlíusson
Hraunbær 58
110 Reykjavík

Alþingi - nefndasvið
b.t. Velferðarnefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. maí 2019

Efni: Umsögn um þingsályktun 256. mál Staða barna tíu árum eftir hrun

Fyrir Alþingi liggur tillaga um þingsályktun um að kanna með heildrænum hætti stöðu barna á Íslandi tíu árum eftir hrun.

Börn og fátækt

Nýleg skýrsla Velferðarvaktarinnar¹ um börn og fátækt sýnir að börn einstæðra foreldra séu í mikilli hættu á að upplifa fátækt. Í skýrslunni eru hins vegar taldar upp breytur sem takmarka ályktunargildi rannsóknarinnar. Höfundur rannsóknarinnar bendir á að mikilvæga breyту vanti til að hægt sé að álykta um fátækt barna sem búa hjá einstæðu foreldri:

Að lokum er mikilvæg að afla upplýsinga hvað áhrif skipt búseta barna hefur á líf skjör þeirra og hvernig misræmi á milli fjárhags þeirra heimila sem þau búa á hefur áhrif á félagslega stöðu þeirra og upplifanir. Raunar vantar reglubundna öflun upplýsinga um skipta búsetu barna, til dæmis hvernig búsetan skiptist á milli foreldra, hvernig skiptingunni er háttað, hvaða áhrif hún hefur á skiptingu kostnaðar á milli foreldra, svo dæmi séu nefnd.

Í skýrslu um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum² er sýnt fram á að börn séu í mestri hættu á að upplifa fátækt hjá umgengnisforeldri. Skýrslan bendir á nokkur mikilvæg atriði:

Þessar niðurstöður ganga gegn þeim staðalímyndum sem algengastar eru um ráðstöfunartekjur þessara hópa þar sem litið hefur verið á feður sem „breiðu bökin“ sem líta má framhjá þegar kemur að bóta og styrkjakerfi, en einstæðar mæður sem einsleitan hóp sem stæði verr. Þetta er nýr raunveruleiki sem blasir við og verður nú skiljanlegra að sá hópur sem vaxið hefur hraðast hjá velferðarsviðum sveitarfélaga eru einmitt feður sem halda börnum sínum ekki lögheimili. Sömu sögu er að segja hjá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Öllum er ljóst að slæm fjárhagsstaða foreldra getur haft áhrif á félagslega og andlega stöðu þeirra. Feður í miklum fjárhagslegum vandamálum eiga því á hættu að geta illa sinnt börnum sínum eða boðið þeim góðar aðstæður. Ljóst er að stokka þarf spilin og gefa upp á nýtt þar sem tekið er mið af gjörbreyttum aðstæðum í þjóðfélaginu, sérstaklega þeirri staðreynd að börn dvelja mun meira á tveimur heimilum en áður var

¹ <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=fe83e85e-3b3b-11e9-9435-005056bc530c>

² https://www.stjornarradid.is/media/velferdarradunevti-media/media/09frettatengtfe09/skyrsla_nefndar_um_stodu_barna_i_mismunandi_fjolskyldugerdom.pdf

Það er ljóst að samfélagið er að breytast og til þess að kanna betur stöðu barna í viðkvæmri stöðu þá þarf að skrá bæði forsjá og umgengni í Þjóðskrá. Nú eru þessar breytur ekki skráðar hjá Þjóðskrá en mikilvægt að þessi rannsókn nái til þeirra. Það er mjög óvarlegt að álykta um stöðu barna hjá lögheimilisforeldri og umgengnisforeldri án þess að vita hvort um sé að ræða umgengni sem er önnur hver helgi eða vika og vika. Það eru einnig uppi hugmyndir um að láta meðlag ráðast af umgengni. Það væri nærtækast að láta Þjóðskrá halda utan um umgengnissamninga sem myndu þá bæði ráða meðlagsgreiðslum og gagnast til rannsókna á stöðu barna og foreldra þeirra.

Ef börn upplifa fátækt hjá umgengnisforeldri að þá er engin leið að bæta úr því með þeim leiðum sem nú eru notaðar eins og með barnabótum og umönnunarbótum, sé barn fatlað. Þó bæði barnabætur og umönnunarbætur væru hækkaðar út í hið óendanlega að þá myndi barnið enn upplifa fátækt hjá umgengnisforeldri.

Rétt og nákvæm skráning forsjár og umgengni er forsenda þess að uppræta fátækt barna.

Það er mikilvægt að könnun þessi nái utan um þessar breytur svo niðurstaða könnunarinnar hafi ályktunargildi og geti bent á lausnir sem virka.

Börn og fordómar

Litlar upplýsingar um börn og vensl valda því oft að reynt er að fylla upp í eyðurnar. Það er öllum ljóst að þegar umgengni er jöfn og forsjá sameiginleg að þá skiptist kostnaður vegna barns að mestu jafnt. Börn þurfa húsaskjól, mat og klæðnað. Auk þess þurfa foreldrar að greiða alls kyns tilfallandi kostnað alveg óháð því hjá hvoru foreldrinu þau eru, t.d. lækniskostnað, afmæli barna og annarra, tómstundir og svo framvegis. Það er eins og þessi einfaldi sannleikur sé ekki öllum ljós. Í skýrslu Hagstofunnar um stöðu barna³ stendur til dæmis:

Lífskjararannsóknin inniheldur ekki upplýsingar sem geta varpað ljósi á þessa þætti en það kann að vera að umgengnisforeldrar leggi margir hverjir sitt af mörkum til lífsgæða barna sinna, t.d. með því að greiða fyrir tómstundastarf.

Svona geta fordómar laumað sér inn í opinberar skýrslur ef gögn eru ekki næg. Að auki þurfa umgengnisforeldrar að leggja út allan kostnað sé barn veikt, fatlað eða með greiningu því þessir foreldrar fá enga opinbera aðstoð. Það er því mjög niðurlægjandi fyrir foreldra þessara barna að lesa að þeir séu mögulega að leggja eitthvað til tómstundastarfs. Oft eru þetta foreldrar sem leggja allt sitt af mörkum til að börn þeirra geti fengið eðlilegt líf og þroska.

Rétt skráning forsjár og umgengni myndi eyða óvissu og eyða fordómum. Það er því mikilvægt að könnun þessi nái utan um þennan nýja veruleika.

Niðurstaða

Til þess að kortleggja betur þau börn sem eiga í hættu á að búa við fátækt þá er nauðsynlegt að skrá bæði forsjá og umgengni í Þjóðskrá. Vonandi nær þessi könnun yfir þennan nýja veruleika. Nýlegar rannsóknir og skýrslur benda á nauðsyn þess að skrá hvort tveggja.

Áður en staða barna er könnuð þá þarf að skrá þau og vensl þeirra rétt í Þjóðskrá. Enn ein skýrslan sem fjallar um börn án tillits til búsetu hefur lítið sem ekkert ályktunargildi. Hækkun barnabóta og annarra bóta til lögheimilis út í hið óendanlega bjargar ekki barni úr fátækt hjá umgengnisforeldri. Hækkun barnabóta er þar af leiðandi engin lausn fyrir börn sem búa við fátækt hjá umgengnisforeldri. Þess

³ https://hagstofa.is/media/43833/hag_150323.pdf

vegna er nauðsynlegt að kanna stöðu barna með ítarlegum hætti svo hægt sé að hjálpa þeim börnum sem þarfnast hjálpar.

Hvernig er hægt að segja að börn sem lifa við fátækt hjá umgengnisforeldri séu ekki fátæk? Þau upplifa fátækt og eiga á hættu að verða fyrir neikvæðum áhrifum hennar, bæði félagslegum og efnahagslegum. Samt segja nýlegar skýrslur þessi börn ekki til. Þessu hvet ég ykkur til að breyta hið fyrsta.

Virðingarfyllt,

Lúðvík Júlíusson